



14. fundur Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins þriðjudaginn 3. apríl 2018 kl. 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson, Vikar Már Vífilsson, Þorsteinn Vilberg Jónsson, Stefán Benjamínsson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Styrktarsjóður EBÍ, umsókn 2018

Fram er lagt bréf frá styrktarsjóði EBÍ, dags. 21. febr. sl. Umsóknarfrestur til loka apríl.

Bókun um afgreiðslu: Vegna þess að sveitarfélög geta ekki fengið styrk tvö ár í röð og að sveitarfélaginu var úthlutað styrk í fyrra, er ekki gerð tillaga um umsókn að þessu sinni. Samþykkt samhljóða.

2. Norðurhjari – ósk um samstarf

Lagt fram erindi, ásamt fylgigögnum, frá Norðurhjara - ferðaþjónustusamtökum, dags. 1. febrúar 2018, með ósk um samstarf.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin mælir gegn samþykkt samstarfs við Norðurhjara - ferðaþjónustusamtök á þeim forsendum sem lagt er til í erindi þeirra dags. 1. febr. 2018. Nefndin leggur til að sveitarstjóra verið falið að ræða við fulltrúa þeirra um mögulegt samstarf sem kæmi til viðbótar við þá þjónustu sem sinnt er af starfsmönnum Langanesbyggðar eða öðrum samstarfsaðilum þess á sviði ferðaþjónustu. Samþykkt ...

3. Önnur mál

Engin.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 17:32.